

Erindi 1. Undirritaðar óska eftir því að fá upplýsingar um hversu mörg börn, 12 mánaða og eldri, eru á biðlista eftir leikskóla í Kópavogi? (Listað upp eftir aldri barna í mánuðum)

Erindi 2. Undirritaðar óska eftir upplýsingum frá bæjarstjóra um þau atriði sem snerta sveitarfélögin í nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og hafa það sameiginlega markmið að ráðast gegn ofurvöxtum og verðbólgu:

1. Mun Kópavogsbær veita gjaldfrjálsar skólamáltíðir frá hausti?

- Kveðið er á um að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024.

2. Hvaða gjaldskrár koma til lækkunar frá og með áramótum?

- Því er beint til sveitarstjórna að endurskoða þær gjaldskrárhækkanir sem tóku gildi um síðustu áramót og varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5 %. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

3. Hvernig ætlar Kópavogsbær að uppfylla ákvæði samningana um húsnæðismál, sérstaklega hvað varðar almennar íbúðir og þátttöku stofnkostnaðar?

- Fram kemur að sveitarfélögin muni í húsnæðisáætlunum sínum og skipulagi tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma og hlutdeild í stofnkostnaði almennra íbúða. Sambandið mun einnig vinna að því að umgjörð um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga verði bætt.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Helga Jónsdóttir